

Sjónvarpið
Fréttir 19:00

Fréttamaður: Lára Ómarsdóttir
Tími: 00:02:08

Tvö fyrirtæki áttu hæsta tilboð

Indversk hótélkeðja og þýskur alþjóðlegur hótélrasi áttu hæsta tilboð í lóðina við hlið Hörpu. Viðræður við indversku keðjuna hafa farið fram og fulltrúar frá þýska rísum munu funda með eigendum lóðarinnar á morgun.

Opnað var fyrir tilboð í lóðina í sumar og bárust sex tilboð í hana. Tvö fyrirtæki áttu hæsta tilboð, indverska fyrirtækið Auro Investment og þýska fyrirtækið World Leisure Investment. Auro Investment er indverskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í byggingu hótela, aðallega á Indlandi en einnig í Bandaríkjunum. Í forsvari fyrir hópinn er maður að nafni Bala Kamallakharan. Kamallakharan þekkir vel til Íslands og starfaði meðal annars fyrir Glitni hér á árum áður. Samkvæmt heimildum fréttastofu hafa óformlegar könnunarviðræður farið fram milli Síтусar, sem er söluaðili, og Auro Investment. World Leisure er fyrirtæki sem kemur á laggirnar lúxushótelum og ferðamannastöðum með öllu tilheyrandi um allan heim. Fyrirtækið vinnur hugmynda- og þróunarvinnu og fylgir henni allt til opunar hótelsins. Þeir reka svo hótelin í samvinnu við margar helstu hótélkeðjur heims. Meðal samstarfsaðila er til dæmis Hyatt hótélkeðjan, Radisson SAS, Starwood keðjan og Disneyland í París. Samkvæmt heimildum fréttastofu eru fulltrúar World Leisure á leið til landsins og funda



CREDITINFO

- forskot í krafti þekkingar

Handrit eru gefin út af Creditinfo

Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 550 9600 | Fax 550 9601 | <http://www.creditinfo.is>

Ósamningsbundin dreifing er óheimil.

Fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið fmv@creditinfo.is

með Sítusi á morgun. Auk Auro Investment og World Leisure gerðu tilboð þingvangur fyrir hönd óstofnsetts félags, sem að sögn eigandans, Pálmars Harðarsonar, verður í eigu íslenskra fjárfesta og alþjóðlegrar hótélkeðju, Marti Investment, sem er svissneskt fyrirtæki sem á og rekur meðal annars ÍAV, Kljá ehf., sem er í eigu Sigfúsar Jónssonar og konu hans en Sigfús átti til að mynda Nýsi á sínum tíma áður en það fór í þrot. Þá sendu Ístak, Landsbankinn, THG Arkitektar, Verkís og Þróun og ráðgjöf saman inn tilboð. Verðmat á eigninni er tæpir tveir milljarðar. En söluverðið ræður ekki úrslitum þegar tilboðin eru metin. Útlit hússins sem og gæði þjónustunnar sem í boði verður skiptir líka máli. En það verður þó að teljast líklegt að hér rísi hótél sem annað hvort verður í eigu indverskrar hótélkeðju eða þýsks hótélrisa.



CREDITINFO

- forskot í krafti þekkingar

Handrit eru gefin út af Creditinfo

Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 550 9600 | Fax 550 9601 | <http://www.creditinfo.is>

Ósamningsbundin dreifing er óheimil.

Fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið fmv@creditinfo.is